

**Ed.**

**246. Framvarp**

til laga um rekstur verksmiðju til bræðslu sildar.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

1. gr.

Þá er hafinn verður rekstur sildarbræðslustöðva eða stöðvar samkvæm heimild i lögum nr. 49, 7. maí 1928, skal um reksturinn fylgt ákvæðum þeim er segir i lögum þessum.

2. gr.

Verksmiðjan kaupir ekki sild af framleiðendum, sbr. þó 7. gr., en tekur við henni til vinslu fyrir þeirra reikning.

3. gr.

Áður en árleg starfræksla hefst, skal stjórn verksmiðjunnar leita loforða íslenskra útgerðarmanna um lágmarksviðskifti við verksmiðjuna eða um tölu skipa, sem fá munu verksmiðjunni afla sinn til vinslu, og gera samninga við útgerðarmenn þar um. Skal áætlun um viðskiftamagnið vera fyrir hendi fyrir 15. júní ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra i samráði við stjórn verksmiðjunnar, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiftamagni, hvort verksmiðjan verði rekin það ár.

Nú verður meira framboð á sild til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjan getur unnið úr, og getur þá stjórn verksmiðjunnar ákveðið, hve mikið verði tekið til vinslu af hverjum framleiðanda, enda sje framleiðanda tilkynt það svo fljótt, sem verða má, ef ekki er hægt að taka alla þá sild til vinslu, sem hann óskar að fá lagða inn i verksmiðjuna. Skal sú takmörkun, sem gera þarf vegna of mikils framboðs á sild, að jafnaði koma hlutfallslega jafnt niður á þeim, sem lofað hafa sild til vinslu i verksmiðjuna.

4. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar sildar, sem tekin er af þeim til vinslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hjer segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði.
2. 5% afborgun af stofnkostnaði sildarstöðvarinnar.
3. 5% fyrningargjaldi af húsum, mannvirkjum, vjelum og áhöldum.
4. 5% gjaldi i varasjóð.

Áætlunarverð sildarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 5. gr., má greiða eigendum með alt að 70% við afhendingu sildar til vinslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, eftir að reikningsskil hafa verið gerð um sölu i lok starfsárs.

5. gr.

Sildarbræðslu skal skylt að selja við kostnaðarverði samvinnufjelögum bæjarfjelögum, hrepps-fjelögum og búnaðarfjelögum alt að þriðjungi þess sild-

armjöls, er hún framleiðir árlega. Skulu fjelögin hafa sagt til fyrir 15. ágúst ár hvert, að hve miklu leyti þau vilja nota sjer rjett þennan. Fjelögin mega aðeins láta sildarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varðar sektum, frá 500—5000 kr.

6. gr.

Verksmiðja sú, er stofnuð verður fyrst, skal sett á Siglufirði, enda leggi Siglufjarðarkaupstaður fram fje til hennar að sínum hluta eftir því, sem um semst við ríkisstjórnina.

7. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skipi þrír menn. Einn skipaður af atvinnu- málaráðherra, einn skipaður af stjórn sildareinkasölunnar og einn tilnefndur af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar. Ráðherra setur stjórninni erindisbrjef og ákveður laun hennar.

Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra til eins árs í senn og ákveður starfssvið hans og laun.

Stjórnin hefir á hendi sölu afurðanna með ráði framkvæmdarstjóra.

8. gr.

Ef sjerstaklega stendur á, er verksmiðjunni heimilt að kaupa sild við ákveðnu verði af utanríkismönnum. Hagnaður af þeim kaupum rennur óskiftur í varasjóð verksmiðjunnar, enda beri hann halla af kaupunum, ef nokkur verður.

9. gr.

Verksmiðjan er undanþegin aukaútsvari, tekju- og eignarskatti.

10. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar skulu sett með reglugerð samkv. 4. gr. laga nr. 49, 7. maí 1928.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.